

FORSETI KIRKJUBINGS

Alþingi  
Erindi nr. B 140/491  
komudagur 29.11.2011

Stokkalæk, 26. nóvember 2011.

Til Alþingis

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd,  
formaður Valgerður Bjarnadóttir alþm.

Ég leyfi mér að koma á framfæri við Alþingi þeirri áskorun kirkjubings hinnar íslensku þjóðkirkju, sem haldið var í Reykjavík dagana 12. til 18. nóvember 2011, að ákvæði um þjóðkirkju verði áfram í þeirri stjórnarskrá sem Alþingi hefur í hyggju að afgreiða. Ályktun kirkjubings um þetta er svohljóðandi:

**Kirkjubing 2011 skorar á Alþingi að hafa ákvæði um íslenska þjóðkirkju í því frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár sem þingið afgreiðir með formlegum hætti eða leggur undir ráðgefandi þjóðaratkvæði. Að öðrum kosti verði þess gætt að ákvörðun um afnám þjóðkirkju úr stjórnarskrá verði tekin á þann veg sem núgildandi stjórnarskrá býður svo að þjóðin sjálf fái notið þess réttar að greiða sérstaklega atkvæði um slíka ákvörðun.**

Ég leyfi mér jafnframt að minna á að í núgildandi stjórnarskrá, sem halda verður í heiðri þar til ný stjórnarskrá hefur komið í hennar stað, er tvennt sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 79. gr. Annars vegar þurfa breytingar á stjórnarskránni almennt að ganga í gegnum það nálarauga að þær kalla á þingrof og samþykki tveggja löggjafarþinga, fyrir og eftir almennar alþingiskosningar. Hins vegar eru breytingar á kirkjuskipaninni – og þar með sú spurning hvort hér skuli vera þjóðkirkja eða ekki – háðar því að Alþingi taki skýra ákvörðun um afnám þjóðkirkju og þjóðin fái að greiða atkvæði um þá ákvörðun sérstaklega. Það nægir að mínum dómi ekki að leggja fram tillögu að nýrri stjórnarskrá þar sem engu er slegið föstu um þjóðkirkju á Íslandi, eins og stjórnlagaráð leggur til. Í þjóðaratkvæðagreiðslu um slíka tillögu að stjórnarskrá væri að sjálfsögðu ekki verið að kjósa um þjóðkirkjuna sérstaklega. Það er hins vegar stjórnarskrárvarinn réttur þjóðarinnar sjálfrar að ákveða hvort þjóðkirkja skuli vera hér í landi eða ekki.

Í 19. gr. tillögu stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá segir að í lögum megi kveða á um kirkjuskipan ríkisins. Samþykki Alþingi lög um breytingu á kirkjuskipan ríkisins skuli leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Síðarnefnda ákvæðið lýtur að framtíðarskipan mála eftir að ný stjórnarskrá hefur leyst núgildandi stjórnarskrá af hólmi. Ákvæðið getur eðli máls samkvæmt ekki réttlætt þá fyrirætlun stjórnlagaráðs að nema ákvæði um þjóðkirkju úr stjórnarskrá án þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar að auki er rangnefni að tala nú um „kirkjuskipan ríkisins” þegar fyrir liggur eftir gildistöku laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og þróun mála á kirkjulegum vettvangi að þjóðkirkjan er ekki lengur ríkiskirkja heldur sjálfstæð stofnun sem ber réttindi og skyldur að lögum. Þar sem ekki er ríkiskirkja, svo sem er í Danmörku svo að dæmi sé tekið, er ekki rökrétt að tala um „kirkjuskipan ríkisins.”

Ákvæði 62. gr. núgildandi stjórnarskrár þess efnis að ríkisvaldið skuli styðja og vernda þjóðkirkjuna er arfur frá þeirri tíð er þjóðkirkjan var ríkiskirkja. Ég vil sérstaklega láta í ljós þá skoðun mína að engin þörf sé lengur á slíku verndarákvæði í stjórnarskrá. Hins vegar hlýtur það að vera einn af grundvallarþáttum samfélagsins og því að réttu lagi einn þráður í stjórnarskrá ef hin evangelíska lúterska kirkja á áfram að vera þjóðkirkja á Íslandi. Ég treysti Alþingi til að taka þær ákvarðanir í þessu efni sem best fá samrýmst stjórnlögum og siðferðis- og menningargrundvelli þjóðarinnar.

